

Umsögn

frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026.
154. löggjafarþing 2023–2024. Þingskjal 582 — 511. mál.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fagnar þeirri stjórnartillögu um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu sem hér liggur fyrir. Í ljósi mikilla samfélagsbreytinga er skiljanlega mikil áhersla í áætluninni á aðgerðir er snúa að annarsmálshöfum. Tillögurnar eru góðar en lagt er til að ráðinn verði verkefnastjóri til að halda utan um þennan málaflokk, samræma krafta og fylgja aðgerðunum eftir. Góð reynsla var af slíku verklagi í nýafstaðinni máltækniáætlun. Einnig er mikilvægt að huga að öllum aldurshópum og gleyma ekki leikskólabörnum og ungmennum í grunn- og framhaldsskólum. Ekki er nóg að einblína aðeins á starfstengt nám.

Um einstaka liði:

(1) Í fyrsta tölulið aðgerðaáætlunar, um starfstengt íslenskunám fyrir innflytjendur samhliða vinnu, segir m.a.:

„Aðgengi og fjölbreytni íslenskunáms fullorðinna innflytjenda verði augin með eflingu starfstengdrar íslenskufræðslu og talþjálfunar samhliða starfi. Áhersla verði lögð á starfstengdan orðaforða á einstaklingsmiðaðan og sveigjanlegan hátt.“

Hér mætti nefna mögulegt samstarf við Árnastofnun. Löng reynsla starfsmanna þar á þessu sviði gæti nýst vel t.d. þegar búa á til lista yfir fag- eða starfstengdan orðaforða.

(2) Í sjöunda tölulið aðgerðaráætlunarinnar um viðhorf til íslensku, segir:

„Aflað verði reglubundinna upplýsinga um viðhorf landsmanna til íslenskrar tungu til að meta árangur og þörf fyrir frekari þróun aðgerða í þágu tungumálsins.“

Mikilvægt er að vanda vel til verka við gerð og túlkun niðurstaðna viðhorfskannana er varða íslenska tungu. Árnastofnun leggur áherslu á að leitað verði til málfræðinga sem hafa þekkingu á

Þessu sviði, eins og t.d. fræðimenn stofnunarinnar sem sérhæfa sig í málstýringu og félagsmálfræði. Ef til vill væri rétt að tala fremur um rannsóknir en kannanir því að verkefnið þarf að byggjast á fræðilegum grunni.

(3) Í tíunda lið aðgerðaráætlunarinnar um íslenskugátt, segir:

„Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum þrói og viðhaldi upplýsingagátt með aðgengi að orðabókum og aðgengilegum máltæknilausnum. Gáttin miði sérstaklega að notkun yngri málnotenda og/eða málnotenda sem ekki hafa íslensku að móðurmáli.“

Vakin er athygli á skorti á framtíðarsýn varðandi tvímála orðabækur úr erlendum málum yfir á íslensku. Þar sem útgáfa prentaðra orðabóka hefur lagst af með tilkomu netorðabóka hefur myndast tómarúm í íslensku orðabókastarfi. Samkvæmt lögum er hlutverk Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum m.a. að gefa út orðabækur á fræðasviði stofnunarinnar sem er íslensk fræði. Því hlutverki hefur stofnunin sinnt með útgáfu einmála orðabóka á borð við *Íslenska nútímamálsorðabók*. Í samstarfi við sérfræðinga í erlendum málum hefur Árnastofnun einnig gefið út tvímála orðabækur þar sem grunnmálið er íslenska. Sem dæmi um þetta er íslensk-ensk orðabók sem mun m.a. birtast í íslenskugáttinni. Enn sem komið er ber enginn ábyrgð á orðabókum í hina áttina, t.d. orðabók úr ensku á íslensku. Stjórnvöld þyrftu nauðsynlega að marka stefnu í þessum málum. Finna þarf ábyrgðaraðila og fjármagna gerð tvímála orðabóka á íslensku.

Reykjavík 19/12 2023

F.h. Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,

Helga Hilmisdóttir
sviðsstjóri íslenskusviðs